

ingsmannanna J. Jónssonar og P. Melsteðs, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1878: Landritari Jón Jónsson fyrir  
hönd hinnar íslensku sam-  
lagsverzlunar í Björgvín eða  
liquidationscomité hennar  
gegn  
Borgara E. Egilson.

#### D ó m u r:

Með yfirrjettardómi, uppkveðnum 26. apríl 1875, var Egill borgari Egilson dæmdur til þess að greiða hinni íslensku samlagsverzlun í Bergen 4062 kr. 41 eyri með vöxtum, og að gjöra innan ákveðins tíma skil fyrir forstöðu verzlunar þeirrar, er hann hafði á hendi haft fyrir fjelagið, og voru sektir við lagðar, ef að hann eigi gjörði svo. Krafðist svo landshöfðingjaritari Jón Jónsson, í umboði fjelagsins, að fjárnám væri gjört hjá E. Egilson fyrir hinni til dæmdu upphæð 4062 kr. 41 eyri með vöxtum og dagsektum frá 22. júlí 1875 til 29. maí 1878, eða til þess tíma, er rjetturinn ákvæði, allt að 10,350 kr., samt kostnaði við fógetagjörðina, en með úrskurði, upp kveðnum 31. maí 1878, neitaði fógetarjettur Reykjavíkur honum um að gjöra fjárnám fyrir áföllnum dagsektum.

Úrskurði þessum hefur nú áfrýjandinn skotið til yfirdómsins og krafizt þess, að úrskurðinum verði breytt þannig, að fjárnám fari fram hjá hinum stefnda fyrir áföllnum dagsektum, 10 kr., fyrir hvern dag frá 22. júlí 1875 til dags þess, er fjárnámið fer fram, eða þess

annars tíma, er rjetturinn ákveður. Svo hefur hann og krafzt málskostnaðar í hjeraði og fyrir yfirdómi. Hinn stefndi hefur þar á móti í fyrsta lagi krafzt þess, að málinu verði vísað frá, þaræð áfrýjandinn ekki hafi umboð til þess að fá dóminum fullnægt með fjárnámi, og í annan stað, ef að ekki verður fallzt á þetta, að úrskurður fúgetarjettarins verði staðfestur. Hann hefur og krafzt, að sjer verði dæmdur málskostnaður.

Áfrýjandinn hefur byggt rjettarkröfu sína á því, að hinn stefndi hafi ekki gjórt dómhafanda fullkomin skil fyrir verzlunarforstöðu sinni samkvæmt fyrnefndum yfirjettardómi, því að sem reikningur verði ekki álitíð skjal það, er hinn stefndi hafi að vísu afhent innan ákveðins tíma, og hefur það yfirskriftina: Sameign Egilssons við hið íslenzka verzlunarfjelag í Björgvín frá 1. marz 1872 til 1. júní 1873, en þetta sje ekki annað en skjal með sömu yfirskrift og innihaldi, sem hinn stefndi hafi framlagt fyrir rjetti undir rekstri aðalmálsins.

Þaræð áfrýjandinn í sök þessari hefur umboð, sem einnig hlýtur að ná yfir fullnustugjörð dómsins, er engin ástæða til þess, að málinu eptir kröfu stefnda sje vísað frá.

Með því að hið framlagða skjal, sem er afhent dómhafanda innan ákveðins tíma, ekki einungis inniheldur skýrslu um viðskiptin, eða hina svo nefndu reikningslegu sameign milli dómhafanda og hins stefnda, heldur og jafnaðarreikning, er hvorttveggja, eptir sem frekast sjeð verður, nær yfir alla verzlunarforstöðu hins stefnda, verður yfirdómurinn að fallast á ástæður fúgetaúrskurðarins, að hið framlagða skjal verði að skoðast sem formleg reikningsskil, er hljóti að varna því, að þvingunarsekt eptir dóminum skuli taka með fjárnámi.

Þess verður og vel að gæta, að einungis þetta spursmál liggur undir mat fógetarjettarins, en ekki það, hvort hin framlögðu reikningsskil sjeu alveg rjett eða viðunanleg fyrir dómhafanda.

Hinn áfrýjaði úrskurð ber því að staðfesta og áfrýjandanum að greiða málskostnað til hins stefnda með 20 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á óraskaður að standa. Áfrýjandanum, landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni, ber að greiða hinum stefnda, Egli borgara Egilson, 20 kr. í málskostnað hjer fyrir yfirdóminum innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marzmán.

Nr. 3/1879:

Híð opinbera

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði eptir skipun amtsins gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, eiganda laxveiðarinnar í Elliðaánum, fyrir það, að veiðiáhöld þau, er hann hefur notað til laxveiða í tjeðum ám, eigi sjeu svo gjörð, sem fyrir er mælt í viðaukalögum við Jónbókar landsleigubálk 56. kapítula, um friðun á laxi, dagsettum 11. maí 1876, þar sem hvervetna í laxakistum hans í nefndum ám sje styttra á milli rimlanna en svo, að 9 þumlunga gildur lax geti smogið þær, og er hinn kærði með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. dag nóvembermán. f. á., dæmdur í 30 kr. sekt til